

|                     |                          |                         |                            |
|---------------------|--------------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits      | 12.10.2022               | Ábyrgðarmaður eftirlits | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Fyrirtæki           | Rifós                    | Eftirlitsmaður          | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Heimili             | Lóni                     | Tegund eftirlits        | Reglubundið                |
| Kennitala           | 500692-2869              | Flokkur                 | Fiskeldi                   |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ólöf Stefánsdóttir       | ÍSAT nr.                | 03.21.0                    |
| Fulltrúi fyrirtækis | Fannar Helgi Þorvaldsson | Staðsetning             |                            |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varða að, frágangi vegna kvíaeldis er ekki lokið og að ártal vantaði á ársskýrslu og útreikningar á losun fosfórs þurfa að fylgja ársyfirliti.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldisstöð Rifós hf. Kelduverfi. Fiskeldisstöðin er landeldisstöð með leyfi fyrir eldi á allt að 1.000 tonnum af laxi og bleikju í sjókvíum í Innra-Lóninu en einnig er heimilt að reka á staðnum seiðaeldi og sláturhús til eigin nota á eldisstað. Stöðin stendur við Lón í Kelduverfi. Allt eldi er nú komið í ker innandyra og allir kvíapokar og kvíarammar fjarlægðir úr lóninu. Starfsemi sláturhússins hefur verið hætt.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og rætt um umsókn um nýtt starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Umfang og breytingar á rekstri
- Húsnæði og lóð
- Mengunarvarnir
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Skráningar
- Eftirlitsmælingar og frárennsli
- Kynning á meðfylgjandi viðhengjum
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið sem gefið var út þann 19. júlí 2012. Minnt var á skiladaga skv. því og þær skyldur sem í starfsleyfinu felast. Engin frávik voru skráð í síðasta eftirliti þann 30. apríl 2021 en ein ábending var sett fram varðandi öryggisblöð við efnanotkun en brugðist hefur verið við þeirri ábendingu. Einnig var farið yfir upplýsingar um tengilið rekstraraðila og þær skráðar. Rekstraraðili hefur sótt um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar og er það til meðferðar. Rekstur stöðvarinnar hefur breyst umtalsvert frá því að núgildandi starfsleyfi var gefið út en rekstraraðili starfar þó innan ákvæða gildandi starfsleyfis.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það út fyllt miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað við stöðina og hafa risið tvö ný eldishús á svæðinu ásamt tækjahúsi. Enn er verið að vinna í tækjahúsi en eldishúsin eru bæði komin í notkun ásamt hrognasal. Einungis verður alinn lax í stöðinni, seiði frá klaki og upp í 60-80 g en þá verða þau flutt í stöð rekstraraðila á Kópaskeri. Öllum fiski hefur nú verið slátrað upp úr kvíum í Lóninu og allur búnaður settur upp á land.

Unnið er að breytingum á frárennsli frá húsunum. Verið er að steypa þró sem koma á fyrir við frárennslisstútana í settjörnninni og verður frárennslinu veitt frá þrónni og yfir í tromlusíu. Frárennsli tromlusíunnar kemur síðan til með að renna út í núverandi setþrær og þaðan út í Lónið. Ekki var að sjá uppsöfnun við útrás settjarnanna og leit svæðið vel út, ef frá eru talin tímabundin áhrif frá

byggingaframkvæmdunum. Settjarnir eru tæmdar eftir þörfum og er til staðar áburðarleyfi MAST til nýtingar efnis úr settjörn og tromlusíu á uppgræðslur. Hefur það verið sett á uppgræðsluland í nágrenni Kópaskers. Búið er að panta olfuskilju sem sett verður norð-austan við tækjahús. Þar mun einnig verða steypt plan undir nýjan olfugeymi en stóð hann norðan við F-hús er eftirlitið fór fram. Allt frárennsli tækjahúss, sem og planið undir olfugeyminn mun tengjast inn á olfuskiljuna. Geymirinn er nýr, tvöfaldur geymir, en bent er á að huga þarf að árekstrarvörn við geyminn sem og lekaheldu plani við afgreiðslubyssu til varnar því að olía leki niður í jarðveg við afgreiðslur af geymi.

Nýtt, sjálfvirkt fóðurkerfi hefur verið sett upp í nýju húsunum. Allt fóður kemur inn í plastpokum og er sturtað úr þeim yfir í síló sem sjá um skömmtnun fóðurs í kerin.

Áætlanir sem liggja skulu fyrir skv. starfsleyfi eru aðgengilegar á sameiginlegu EQS kerfi rekstraraðila og hafa einnig verið sendar til eftirlitsaðila. Unnið er að uppfærslu á áætlununum í tengslum við umsókn um nýtt starfsleyfi. Starfsmenn fá þjálfun árlega um meðhöndlun efna frá sölubryggja efnanna og þar er farið yfir helstu öryggisreglur og meðhöndlun efnanna.

Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. gr. 2.9 í starfsleyfi er í gildi.

Ársskýrsla og grænt bókhald fyrir árið 2021 barst eftirlitsaðila með tölvupósti þann 29. apríl sl.

Stöðin hefur gilda vottun frá Whole Foods og AquaGap til mars 2023.

Mælingar á blaðgrænu í Lóninu voru gerðar skv. vöktunaráætlun árið 2021 af Náttúrustofu Norðausturlands en verið er að uppfæra vöktunaráætlunina m.t.t. breytinga á stöðinni og umsóknar um nýtt starfsleyfi. Samið hefur verið við RORUM um vöktunarmælingar. Daglegar skráningar eru í FishTalk og á eyðublöð við starfsstöðvar. Önnur gögn eru í EQS skráningarkerfi sem allir starfsmenn hafa aðgang að.

Útreikningar á losun fosfórs skv. 2.3 í starfsleyfi sýna að losunin er vel innan marka (20 kg/tonn af framleiddum fiski), eða alls 8,1 kg á framleitt tonn.

Enn er unnið að hreinsun svæðisins við Innra-Lónið og nokkuð magn af netum, köðlum, járn og fleiru sem tengist eldinu enn á lóðinni. Hluti eldisbúranna hafa verið fjarlægð og send til förgunar hjá Hringrás og verður áfram unnið að því að fjarlægja restina. Minnt er á að allan búnað, tengdum eldinu, sem ekki er í notkun skal fjarlægja eða koma fyrir í viðeigandi geymslu. Sláturhús hefur verið aflagt og er nú notað sem geymsluhúsnæði. Allur dauðfiskur er settur í meltu og þaðan færður til urðunar á urðunarstað Kópaskers. Sel sf. sér um móttöku úrgangsins og gefur út kvittanir því til staðfestingar. Öll úrgangsolía fer í söfnunarstöð við Víðimóa á Húsavík.

Engin lyf, utan svæfingarlyfs og bóluefnis eru notuð í eldinu. Hreinsiefni eru geymd í sérstökum skáp í E-húsi en magn spilliefna er óverulegt í stöðinni. Öryggisblöð voru staðsett við efnageymslur og eru í lagi.

Gengið var um stöðina, settjarnir skoðaðar og útrás í viðtaka. Töluverðar byggingaframkvæmdir eru enn á lóðinni og frágangi ekki lokið. Minnt er á að ganga þarf vel frá öllu rusli og búnaði sem ekki er í notkun, við lok byggingaframkvæmdanna og verður lóðin tekin út í næsta eftirliti. Reiknað er með að þær framkvæmdir sem nú eru í gangi verði full kláraðar fyrir næstu áramót. Ekið var að Innra-Lóni og

## ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að enn er töluvert af netum, köðlum, járn og öðrum búnaði og rusli tengdu kvíaeldinu í Lóninu til staðar við bryggju að Lóninu, geymslusvæði suðaustur af Lóninu og í kringum skemmu. Fjarlægja þarf búnaðinn sem allra fyrst og gæta að því að ekki skapist hætta á foki.

Ábending er einnig sett fram um að ársskýrsla skuli vera merkt með ártali og að útreikningar á losun fosfórs skv. gr. 2.3 í starfsleyfi skulu fylgja ársskýrslu. Útreikningar voru sendir eftirlitsaðila að eftirliti loknu.

## ANNAÐ

Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila og engin mengunaróhöpp hafa orðið, frá því síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 03.11.2022

*Salla Arnadóttir*

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*Guðbjörg Stella Árnadóttir*  
Guðbjörg Stella Árnadóttir